## Styðjum svæði í aukningu viðnámsþróttar gegn loftslagsbreytingum fyrir árið 2030

NATALIE, rannóknarverkefni, styður markmið Evrópusambandsins "Aðlögun að loftslagsbreytingum", sem hefur það að markmiði að 150 svæði og samfélög geti staðist áhrif loftslagsbreytinga fyrir árið 2030.

## Sýnum fram á þá möguleika sem felast í náttúrutengdum lausnum (NBS)

NATALIE áttar sig á því að taka þarf tillit til mismunandi samhengis nærumhverfisins í hvert sinn (loftslag, landfræði, menning, lög) til þess að sníða NBS eftir mismunandi þörfum.

Okkar nálgun samþættir tæknilega, fjármagns og samfélagslega nýsköpun sem tryggir árangursríka innleiðingu NBS á okkar 8 rannsóknarsvæðum, fóstrar samfélagslega viðurkenningu þeirra, og metur árangur þeirra.

# UM NATALIE

### 43 þátttakendur frá 13 löndum

Stýrt af OiEau International Office for Water

### 19,2M€ sep 2023 - ágú 2028


Funded by the European Union

UK Research and Innovation

Project funded by Schweizerische Eidgenossenschaft, Confédération suisse, Confederazione Svizzera, Confederaziun svizra — Swiss Confederation. Federal Department of Economic Affairs, Education and Research EAER, State Secretariat for Education, Research and Innovation SERI


### Hafðu samband

www.natalieproject.eu

@NatalieProject

# NATALIE

Accelerating and mainstreaming transformative NATure-bAsed solutions to enhance resiLIEnce to climate change for diverse bio-geographical European regions



### Sýnir fram á skilvirkni náttúrutengdra lausna (NBS) sem öflug verkfæri í aðlögun að loftslagsbreytingum sem svo styðja Evrópsk svæði í því að auka viðnámsþrótt þeirra fyrir árið 2030

"Náttúrutengdar lausnir eru lausnir innblásnar og studdar af náttúrunni, sem eru hagkvæmar og hafa á sama tíma umhverfis, félagslega og efnahagslega kosti, og auka uppbygginguna viðnámsþróttar."
Evrópusambandið, 2015

## Áskoranir sem teknar eru fyrir

Loftslagsbreytingar ógna Evrópskum svæðum, frá öfgakenndum flóðum eða skógarelda, til hægfara breytinga líkt og hækkun sjávarborðs og þurrka.

NATALIE þekkir til þeirra hindranna sem standa í vegi fyrir útbreiðslu á innleiðingu á NBS, þ.m.t. samþættingu þeirra við skipulag, að tryggja áframhaldandi vöktun, og að yfirstíga hindarnir á sviði skriffinsku og fjármögnunar.
Til þess að takast á við þessar áskoranir, er NATALIE að prófa, endurtaka og deila innsýn á þrenns konar lykillausnum: tækni og vísindum, nýsköpun tengd fjármagni og samfélagslegri þátttöku.

## Markmið NATALIE

- Að innleiða og vakta NBS víðsvegar í Evrópu
- Að þróa stafræn verkfæri til þess að meta áhrif NBS á mismunandi loftslagssviðsmyndir
- Að gera kostnaðar- og ábatagreiningu fyrir innleiðingu NBS
- Að prófa þrjú fjármálaverkfæri til þess að fjármagna NBS
- Að hvetja til fjárfestinga af hálfu einkaaðila
- Að hanna NBS lausnir í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu
- Að hvetja nærsamfélagið til þátttöku með vísindaverkefnum sem byggja á athugunum almennings
- Að safna saman allri þekkingu verkefnisins á stafrænan vettvang sem kallast “NBS Knowledge Booster”

# NATALIE RANNSÓKNARSVÆÐI

## 18 NBS verða innleiddar á 8 rannsóknarsvæðum í 6 mismunandi líflandfræðilegum svæðum innan Evrópu.

1 rannsóknarsvæði (e. case study; CS) = 1 tilraunasvæði (e. demo site; DS) sem stundum er parað við 1 fylgjanda (e. follower site; FL). NBS eru innleiddar og metnar á tilraunasvæðunum en endurteknar hjá fylgjendunum.




**CS#1 - GRIKKLAND**
**Mótvægisaðgerðir gegn flóðum og gróðureldum**

**CS#2 - RÚMENÍA**
**Endurheimt ferskvatnsbúsvæða í þéttbýlisvistkerfum**

**CS#3 - LETTLAND OG LITHÁEN**
**Tilbúin votlendi**

**CS#4 - SPÆNSKI EYJAKLASINN**
**Endurhleðsla grunnvatns fyrir endurnotkun vatns**

**CS#5 - BELGÍA**
**Endurheimt vatnakerfa og stýring vatnssvæða**

**CS#6 - FRAKKLAND**
**Endurheimt vatnakerfa og stýring vatnssvæða**

**CS#7 - ÍSLAND**
**Stýring strandsvæða með NBS**

**CS#8 - ÍTALÍA**
**Sjálfbær endurheimt áa, viðhald og stjórun**

## 12 SVÆÐI, 1 SAMEIGINLEG ÁSKORUN: LOFTSLAGSBREYTINGAR























